



Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Hvolsvelli 13. febrúar 2015

Efni: Sameiginleg umsögn Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026.

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna samþykktu á fundum sínum, Rangárþing ytra 11. febrúar 2015, Rangárþing eystra 12. febrúar 2015 og Skaftárhreppur 12. febrúar, að senda inn eftifarandi sameiginlega umsögn við tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Sveitarfélögin Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur vilja koma eftifarandi ábendingum á framfæri vegna tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem er til kynningar:

- Sveitarfélögin vilja ítreka nauðsyn þess að framlögð gögn varðandi rammaskipulag Suðurhálendis, sem staðfest var af tilteknum sveitarfélögum í mars árið 2014, verði innleidd í stefnumarkandi umræður um miðhálendið og gerir athugasemdir við að það skyldi ekki hafa verið gert á fyrrí stigum ferilsins við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu. Benda má á að skv. 11. gr. skipulagslaga nr.123/2010 „*skal Skipulagsstofnun hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunna að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landsskipulagsstefnunnar*“ það skal tekið fram að stefna rammaskipulags fyrir Suðurhálendið var grundvöllur áformaðra breytinga á aðalskipulagi tiltekinna sveitarfélaga. Afar lítið virðist hafa verið tekið tillit til áherslna í framlagðri stefnu um Suðurhálendið en ákveðið frekar að færa áherslur gildandi Svæðisskipulags Miðhálendisins yfir í Landsskipulagsstefnuna, vitandi þó, að áherslur í Svæðisskipulagi Miðhálendisins eru frekar orðnar úr sér gengnar sökum breyttra forsendna á hálandinu og að litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á Svæðisskipulagi Miðhálendisins síðan það öðlaðist fyrst gildi. Einnig vilja sveitarfélögin vekja athygli á því að skv. 10. gr. skipulagslaga „*Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar*“ við vinnslu Landsskipulagsstefnu. Ekki verður séð á tillöggunni með hvaða hætti eða hvort yfir höfuð það hafi verið gert við vinnslu hennar.
- Sveitarfélögin benda á nauðsyn þess að tillit sé tekið til nýtingar eignarréttar þeirra sem eiga beitarrétt og/eða veiðirétt á hálandinu á grundvelli úrskurða Óbyggðanefndar.
-



- Sveitarfélögin geta ekki unað því að Landgræðsla ríkisins verði leiðandi afl í Landsskipulagsstefnu og að áætlanir slíkra stofnana verði bindandi fyrir sveitarfélögin í ákvarðanatöku um landnýtingu. Bent er á, að nú þegar liggja fyrir samningar á milli bænda, landeigenda og annarra hagsmunaaðila við sveitarfélögin um verndun og nýtingu til að tryggð sé sjálfbærni til framtíðar.
- Sveitarfélögin vilja benda á að stefna um nýtingu annars vegar og verndun hins vegar þarf ekki að aðskilja og vinna í sitt hvoru lagi. Verndun og nýting geta alfarið virkað saman og oftar en ekki hefur nýtingin verið besta verndunin þegar upp hefur verið staðið.
- Varðandi áform um frekari flokkun landbúnaðarsvæða vilja sveitarfélögin benda á að nú þegar liggja fyrir margar skýrslur um slíkt, þar sem sveitarfélög, þar með talið Rangárþing eystra, hafa ákveðið skiptingu landbúnaðarsvæða í sínu skipulagi. Haft skuli samráð um tillögur til frekari flokkunar áður en öll vinnan sem unnin hefur verið og allt það fjármagn sem veitt hefur verið í flokkun svæða, verði eyðilagt.
- Sveitarfélögin vilja benda á að leiðandi stefna um þéttleika byggðar í dreifbýli hafi afar íþyngjandi áhrif á möguleika einstakra sveitarfélaga til að þróast og dafna. Það þuri alfarið að vera í valdi hvers sveitarfélags að ákveða sína staði til uppbyggingar á þjónustu og búsetu. Mikil lífsgæði geta verið fólgin í búsetu í dreifbýli og í mörgum tilfellum er það ekki íþyngjandi fyrir rekstur sveitarfélagana og bíður upp á mikinn fjölbreytileika.
- Sveitarfélögin taka heilshugar undir þær athugasemdir sem koma fram í umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um Landsskipulagsstefnu dags. 29. janúar 2015.

F.h. Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepp



Anton Kári Halldórsson